VIÐURLÖG – LEIÐBEININGAR UM MÁLSMEÐFERÐ

Þessar leiðbeiningar eru ætlaðar til að styðja stjórnir íþróttafélaga þegar taka þarf ákvarðanir vegna ámælisverðrar eða óásættanlegrar hegðunar eða framkomu félagsmanna. Markmiðið er að tryggja málefnalega, sanngjarna og gagnsæja málsmeðferð sem ver bæði hagsmuni félagsins og réttindi félagsmannsins. Varði mál ofeldi, áreitni, mismunun eða einelti er rétt að leita einnig ráðgjafar hjá samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs.

Grundvallarsjónarmið

Stjórn félags ber ábyrgð á að bregðast við þegar félagsmaður sýnir hegðun sem gengur gegn gildum, reglum eða samþykktum félagsins. Meðferð slíkra mála verður ætíð að byggjast á málefnalegum rökum og hlutlægri afstöðu og viðurlög þurfa að vera í samræmi við alvarleika málsins. Félagsmaðurinn á ávallt rétt á að tjá sig og koma sínum sjónarmiðum á framfæri áður en ákvörðun um hugsanleg viðurlög er tekin. Rökstuðningur stjórnar fyrir ákvörðun þarf að vera skýr og skriflegur og félagsmanni birt ákvörðun stjórnar.

Möguleg úrræði

Stjórn hefur ýmis úrræði til að bregðast við brotum félagsmanna. Í vægari tilvikum er viðeigandi að veita áminningu, fyrst munnlega en síðar skriflega ef hegðun heldur áfram. Ef brot er alvarlegra eða ítrekað getur verið rétt að svipta félagsmann tímabundið tilteknum réttindum, svo sem aðgengi að æfingasvæðum eða þátttöku í keppni. Í alvarlegustu tilvikunum getur verið nauðsynlegt að vísa félagsmanni úr félaginu, annaðhvort tímabundið eða ótímabundið, allt eftir eðli málsins. Mikilvægt er að stjórnin velji ætíð vægasta úrræðið sem dugar til að tryggja hagsmuni félagsins.

Málsmeðferð

Undirbúningur

Fyrsta skref stjórnar er að safna upplýsingum um atvikið og skrá hvað gerðist, hvenær, hvar og hverjir urðu vitni að atvikinu. Félagsmanni skal tilkynnt um að málið sé komið á borð stjórnar og honum gefinn hæfilegur frestur (2 vikur) til að koma á framfæri skýringum sínum, annaðhvort skriflega eða munnlega.

Í flestum tilvikum er rétt að áminna félagsmann áður en gripið er til íþyngjandi viðurlaga, nema þegar hegðunin er svo alvarleg að áminning dugar ekki. Sem dæmi um alvarleg brot má nefna ofbeldi og þjófnað.

Ákvörðun stjórnar

Þegar allar upplýsingar liggja fyrir þarf stjórn að meta málið heildstætt og tryggja að svör liggi fyrir við eftirfarandi spurningum:

- Hvaða hegðun eða athöfn átti sér stað?
- Af hverju hegðunin er ámælisverð eða óásættanleg?
    - Er um að ræða brot á reglum félagsins eða íþróttahreyfingarinnar?
    - Er hegðunin í ósamræmi við gildi og markmið félagsins?

- Mátti félagsmaður vita að hegðunin er bönnuð?

- Hvaða viðurlög samræmast alvarleika brotsins? Hér skiptir máli hvort félagsmaður hafi áður verið áminntur, hvort brotið sé endurtekið eða hvort vægari úrræði geti komið að gagni.

Stjórn þarf einnig að vega og meta hagsmuni félagsmannsins annars vegar og hagsmuni félagsins og annarra félagsmanna hins vegar. Í þessu felst að tryggja að ákvörðunin sé sanngjörn og í takt við markmið og ímynd félagsins. Þegar niðurstaða liggur fyrir skal hún rökstudd á skriflegan hátt. Í ákvörðuninni þarf að lýsa staðreyndum málsins, útskýra hvers vegna hegðunin var talin óásættanleg og gera grein fyrir því hvers vegna valin viðurlög voru nauðsynleg. Félagsmanninum skal jafnframt tilkynnt um rétt sinn til að kæra ákvörðun stjórnar.

Meðferð á aðalfundi

Ef samþykktir félagsins gera ráð fyrir því, eða ef félagsmaður krefst þess, skal brottvísunarmál tekið fyrir á aðalfundi. Þar fær félagsmaður tækifæri til að tala sínu máli og stjórn félags útskýrir ákvörðun sína á hlutlægan og faglegan hátt. Mikilvægt er að tengja niðurstöðu fundarins um málið ekki við önnur atriðið, svo sem hugsanlega afsögn stjórnar.

Kæra til æðra stigs

Ákvörðun aðalfundar er almennt kæranleg til dómstóla íþróttahreyfingarinnar. Stjórn verður því að gera ráð fyrir að málið kunni að fara í formlegt ferli utan félagsins og því er lykilatriði að öll málsmeðferð og rökstuðningur séu vönduð og skýr.

Gildistaka ákvarðana

Ákvörðun stjórnar tekur gildi þegar hún er birt félagsmanni, nema samþykktir félagsins kveði á um annað.

Dæmi um brot sem geta leitt til viðurlaga

Ekki er öll óæskileg hegðun félagsmanna tilefni til viðurlaga af hálfu stjórnar. Til dæmis verður almennt að gera þá kröfu að háttsemi félagsmanns tengist starfsemi félagsins eða ímynd þess.
Sem dæmi um háttsemi sem getur leitt til alvarlegra viðurlaga er þegar félagsmaður vinnur beint gegn markmiðum félagsins, beitir ofbeldi í starfi félagsins, stelur frá félaginu, hótar öðrum félagsmönnum eða hefur uppi niðrandi ummæli félagið eða aðra félagsmenn sem skaðar orðspor félagsins. Félagsmenn hafa hins vegar talsvert tjáningarfrelsi um málefni félagsins og stjórn þess þarf að gera skýran greinarmun á gagnrýni sem er eðlileg í lýðræðislegu starfi og hegðunar sem gengur gegn hagsmunum félagsins.

Sérstaklega um trúnaðarstörf

Ef félagsmaður brýtur af sér þegar hann sinnir störfum sínum fyrir hönd félagsins, svo sem sem framkvæmdastjóri eða þjálfari, er eðlilegra að víkja honum úr því starfi en úr félaginu sjálfu. Brottvísun úr félaginu á aðeins við í alvarlegum undantekningartilvikum, svo sem þegar um er að ræða svik, fjárdrátt eða gróf trúnaðarbrot.

Lokaorð

Með því að fylgja þessum leiðbeiningum geta stjórnir félaga tryggt að málsmeðferð sé fagleg, réttlát og gagnsæ. Málin geta verið misalvarleg en í öllum tilvikum þarf stjórn að fylgja sama ferli, þ.e. safna upplýsingum, gefa félagsmanni kost á að tjá sig, meta alvarleika brots, rökstyðja ákvörðun og upplýsa um kæruleiðir. Þannig eykst traust félagsmanna til stjórnar og hagsmunir félagsins eru varðir til framtíðar.